



# HEIMILISIÐNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS HUSFLIDSSKAB ICELANDIC HANDICRAFTS ASSOCIATION

LAUFÁSVEGI 2 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI +354-551 7800 · FAX +354-551 5532

17. des. 03

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
Erindi nr. P 130/660  
komudagur 23.12.2003

Heimilisiðnaðarfélag Íslands fagnar því að fá tækifæri til að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, þskj. 33, 33. mál á 130. löggjafarþingi. Stjórn Heimilisiðnaðarfélagsins tekur undir framlagða tillögu og greinargerð hennar og mælir með samþykkt hennar.

Rétt er að lítil og meðalstór fyrirtæki eru oft mikilvæg hvað varðar efnahags- og atvinnumál og einnig til að frumkvöðlar og uppfinningamenn fái notið sin og þjóðfélagið notið góðs af hæfileikum þeirra. Heimilisiðnaðarfélagið vill gjarnan benda á að stuðningur við einyrkja og smáfyrirtæki getur líka stuðlað að varðveislu menningararfs og eftir handverk og listsköpun þjóðarinnar.

Enn er til fólk í landinu sem býr yfir þekkingu á því handverki sem þjóðin hefur sinnt í meira en 1000 ár. Með hverjum deginum fækkar þó þeim sem muna ákveðin handbrögð eða kunna frá fyrri tíð að útbúa ákveðna séríslenska hluti. Um leið verður menning þjóðarinnar fátækari. Sums staðar, sérstaklega í sveitum, hafa verið sett á laggirnar handverkshús og fyrirtæki þar sem fólk vinnur saman, skiptist á þekkingu og framleiðir hluti. Þar sem svona starfsemi blómstrar er möguleiki á að fólk kynni sér vinnubrögð þeirrar kynslóðar sem er að hverfa og komi þeim áfram til næstu kynslóða. En þetta gerist ekki nema í sumum héruðum, víða er þekkingin að hverfa með gamla fólkinu. Á höfuðborgarsvæðinu, og e.t.v. víðar, hamlar líklega helst húsnæðiskostnaður svona starfsemi. Einangrun handverksfólks kemur í veg fyrir að fólk skiptist á þekkingu og uppbyggjandi athugasemdum við aðra sem eru að vinna sambærileg störf og þekking einyrkjans hverfur með honum. Hérlandis eru varla til lifandi handverkshús þar sem íbúar landsins og ferðamenn geta farið um og skoðað, ekki bara tilbúna hluti, heldur líka fylgst með þegar unnið er að gerð þjóðlegra hluta eða annarra muna. Hefðbundin söfn sýna handverkið en kenna það ekki. Þar sem reynt hefur verið að reka lifandi handverkshús hér á landi hafa þau ekki gengið nógu vel. Augljóslega vantar ráðgjöf og aðstoð og mikilvægt er að vita í hvaða formi sú aðstoð ætti helst að vera. Ef unnið yrði samkvæmt fyrrnefndri tillögu er von til að hægt verði að kanna á hvern hátt þarf að stykja einstaklinga til að byggja upp starfsemi sem þessa svo að hún fái blómstrað til að varðveita menningararf, efla listiðnað og til að skapa ný listaverk.

F.h. stjórnar Heimilisiðnaðarfélags Íslands

Sigrún Helgadóttir, formaður